



Til að komast í Nautaval er farið á slóðina [www.huppa.is](http://www.huppa.is), en þangað inn gildir sama lykilorð og í MARK, [www.bufe.is](http://www.bufe.is).



Þegar innskráningu er lokið er farið í Sæðingar -> Nautaval og þá birtist skjámynd þar sem settir eru vægisstuðlar og falleinkunnir fyrir sæðingarátætlunina.



**Vægi og falleinkunnir:**

Næst er komið að því að setja ræktunarmarkmið áætlunarinnar, með því að hreyfa til vægi einstakra eiginleika, sé áhugi fyrir því. Hafa ber í huga að samtals vægi eiginleika verður að vera 100, hvorki meira né minna, og kemur forritið með athugasemd ef svo er ekki.

Falleinkunnir er hægt að hækka og lækka en þó ber að varast að setja falleinkunn of hátt, þar sem það getur valdið því að enginn reynd naut finnast á kýrnar. Falleinkunnin er miðuð við væntanlegt kynbótamat afkvæmis ú frá kynbótamati foreldra.



**HUPPA - Nautgriparækt**

---

Forsíða

Leit

Skýrslur

Kynbótamat

Sæðingar

Nautaval

Viðhald nauta

Útskrá

**Vægi eiginleika og falleinkunnir**

---

Skýrsluhaldsnúmer:

Heiti býlis:

Umráðamaður:

Sveitarfélag

---

Eiginleikar	Vægi	Falleinkunn
Afurðir	<input type="text" value="44"/>	<input type="text" value="75"/>
Frumutala	<input type="text" value="8"/>	<input type="text" value="75"/>
Frjósemi	<input type="text" value="8"/>	<input type="text" value="75"/>
Júgur	<input type="text" value="8"/>	<input type="text" value="75"/>
Spenar	<input type="text" value="8"/>	<input type="text" value="75"/>
Skap	<input type="text" value="8"/>	<input type="text" value="75"/>
Mjaltir	<input type="text" value="8"/>	<input type="text" value="75"/>
Skrokkur	<input type="text" value="0"/>	<input type="text" value="75"/>
Ending	<input type="text" value="8"/>	<input type="text" value="75"/>
Próteinhlutfall	<input type="text" value="0"/>	<input type="text" value="75"/>
Fituhlutfall	<input type="text" value="0"/>	<input type="text" value="75"/>
Skyldleikaræktarstuðull		<input type="text" value="6.86"/>

**Velja tegund nauts:**

Við notkun forritsins flokkar notandinn kýrnar á búinu í notkuanrhópa, þ.e. hvort nota eigi reynt naut (nautin sem er grundvöllur til að velja), óreynt naut, holdanaut eða jafnvel sérvalið naut sem notandinn velur þá sjálfur en fær ekki aðstoð forritsins til. Forritið velur nautsfeður og reynd naut sjálfkrafa á kýrnar sem hafa lágmarkseinkunnir í kynbótamati, en hverjum og einum er í sjálfsvald sett að breyta því hvernig naut viðkomandi kýr á að fá, þó með þeim takmörkunum að ungnaut þurfa að vera valin á 40% af hópnum.

Þegar notað er óreynt naut þá fer forritið aðeins yfir lista þeirra og kannar hvort einhver þeirra séu það skyld kúnni að ástæða sé til að veita viðvörðun gagnvart of mikilli skyldleikarækt sem yrði afleiðing viðkomandi þörunar.

**HUPPA - Nautgriparækt**

Forsíða

Leit

Skýrslur

Kynbótamat

Sæðingar

Nautaval

Viðhald nauta

Útskrá

**Gripir bús**

---


Skýrsluhaldsnúmer: 350513  
 Heiti býlis: Hvanneyri  
 Umráðamaður: Bændaskólabú á Hvanneyri  
 Sveitarfélag: 3510-Borgarfjarðarsveit

---

Nafn gripis	Móðir	Faðir	A.m.	Pr%	Ath.	Tegund nauts
0005 Gæfa	0605 Skjalda	98817 Höttur	98	100		Óreynt naut
0006 Sæta	0611 Frá	98812 Böllur	103	107		Ekki haldið
0009 Hlussa	0610 Lægð	98812 Böllur	92	105		Óreynt naut
0014	0410 Friða	92021 Beri	103	95	++	Reynt naut
0015 Síða	0514 Yrja	98028 Lóupræll	95	96		Reynt naut - sérpantað
0018	0420 Óþekkt móðir	98046 Hræsingur	105	113	++	Nautsfaðir
0020	0618 Hvöt	99002 Ábætir	102	98	++	Angus
0021	0626 Askja	99820 Stubbur	103	100	+	Galloway
0022	0625 Gráða	99820 Stubbur	92	96	-	Limousine
0023	0409 Rjóð	98052 Þrasi	115	109		Óreynt naut
0024	0614 Ljúf	98039 Lómur	109	105	++	Óreynt naut
0025	0605 Skjalda	94009 Hamar	102	109	++	Óreynt naut

### Gripaval:

Á þessari skjámynd þarf að velja naut, ef valið er að sæða með reyndu nauti sem þarf að sérpanta úr eða þegar sæða á með holdanauti. Við hverja kúr er þá hægt að velja úr þeim flokki sem valinn var fyrr í ferlinu. Ef engin kúr hefur fengið þessa flokka þá er einfaldlega stutt á "Áfram"-hnappinn til að komast áfram í áætluninni. Athugið að næsti hluti áætlunarinnar tekur nokkurn tíma í vinnslu og ekki óeðlilegt að reikningar taki rúma mínútu fyrir meðalbú.



## HUPPA - Nautgriparækt

- Forsíða
- Leit
- Skýrslur
- Kynbótamat
- Sæðingar
- Nautaval
- Víðhald nauta
- Útskrá

### Gripaval fyrir fastsettar kúr og kvígur

Skýrsluhaldsnúmer: 350513  
Heiti býlis: Hvanneyri  
Umráðamaður: Bændaskólabú á Hvanneyri  
Sveitarfélag: 3510-Borgarfjarðarsveit


Númer	Nafn grips	Nautanúmer verðandi föður
<input type="text" value="0009"/>	<input type="text" value="Hlussa"/>	<input type="text" value="93026 Blakkur"/>
<input type="text" value="0015"/>	<input type="text" value="Síða"/>	<input type="text" value="95401 Álfur"/>
<input type="button" value="Áfram"/>		<ul style="list-style-type: none"><li>95401 Álfur</li><li>95400 Angi</li><li>95402 Arður</li></ul>

**Nautaval:**

Á þessu stigi erum við komin með tillögur forritsins að vænlegum nautum á þær kýr sem valið var að sæða með nautsfeðrum og reyndum nautum. Hér þarf að merkja við þau þrjú naut í mesta lagi sem viðkomandi bóndi vill helst nota. Talan sem kemur fram aftan við nautið er væntanleg kynbótaeinkunn afkvæmisins.

Þar sem valin voru sérpöntuð naut eða holdanaut þá kemur upp númer og nafn viðkomandi nauts. Þar sem ungnaut hafa verið valin þá eru listuð upp þau naut sem ekki skyldi nota vegna skyldleika.

Þegar búið er að velja reynd naut á kýrnar er stutt á “Staðfesta”.



## HUPPA - Nautgriparækt

Forsíða

Leit

Skýrslur

Kynbótamat

Sæðingar

Nautaval  
Viðhald nauta

Útskrá

Hakaðu við þau naut sem þú vilt nota fyrir viðkomandi grip, þannig að MEST séu valin þrjú naut fyrir hvern grip.

Gripur	Afurða mat	Teg. nauts	Naut (Áætlað kynbótamat afkv.)
0006 Sæta	103	RN:	<input checked="" type="checkbox"/> 96028 Fróði (105) <input checked="" type="checkbox"/> 98042 Prior (104) <input checked="" type="checkbox"/> 99008 Þollur (103) <input type="checkbox"/> 97033 Hersir (103) <input type="checkbox"/> 96007 Prakkari (103)
0009 Hlussa	92	SP:	Sérpantað: 93026
0014	103	NF:	<input checked="" type="checkbox"/> 98036 Umbi (105) <input checked="" type="checkbox"/> 98027 Fontur (105) <input checked="" type="checkbox"/> 97037 Rosi (103) <input type="checkbox"/> 97033 Hersir (103) <input type="checkbox"/> 98052 Þrasi (103)
0015 Síða	95	HN:	Angus: 95401
0018	105	RN:	<input checked="" type="checkbox"/> 98027 Fontur (107) <input checked="" type="checkbox"/> 98026 Glanni (107) <input checked="" type="checkbox"/> 96028 Fróði (107) <input type="checkbox"/> 98036 Umbi (106) <input type="checkbox"/> 97033 Hersir (106)
0020	102	NF:	<input checked="" type="checkbox"/> 98027 Fontur (107) <input checked="" type="checkbox"/> 98036 Umbi (105) <input checked="" type="checkbox"/> 97033 Hersir (105) <input type="checkbox"/> 98052 Þrasi (105) <input type="checkbox"/> 97037 Rosi (103)
0021	103	UN:	04024 Stássi, 04007 Farsæll, 04027 Jaxl, .

## Niðurstöður

Hér er komið að síðastu skjámynd áætlunarinnar og lítið annað eftir en að prenta út. Efst í niðurstöðum koma fram forsendur áætlunarinnar, þ.e. hvaða vægi og falleinkunnir voru valdar fyrir viðkomandi áætlun. Aftan við hverja kýr kemur fram hvaða naut hafa verið valin fyrir hana og síðan þau ungnaut sem forðast skyldi að nota þar sem valið er að nota ungnaut.

NF: Nautsfaðir, RN: Reynt naut, UN: Ungnaut, HN: Holdanaut.  
 Á kýr sem valið er að nota ungnaut eru talin upp þau naut sem varast ber að nota vegna skyldleika.

Gripur	Afurða mat	Teg. nauts	Naut (Áætlað kynbótamat afkv.)
0006 Sæta	103	RN:	96028 Fróði (105) 98042 Prior (104) 99008 Þollur (103)
0009 Hlussa	92	SP:	93026
0014	103	NF:	98036 Umbi (105) 98027 Fontur (105) 97037 Rosi (103)
0015 Síða	95	HN:	95401
0018	105	RN:	98027 Fontur (107) 98026 Glanni (107) 96028 Fróði (107)
0020	102	NF:	98027 Fontur (107) 98036 Umbi (105) 97033 Hersir (105)
0021	103	UN:	04024 Stássi, 04007 Farsæll, 04027 Jaxl, .
0022	92	UN:	Engin ungnaut of skyld.
0023	115	NF:	97033 Hersir (107) 97037 Rosi (106)
0024	109	UN:	04006 Þynur, .

Þegar stutt er á “prenta” hnappinn er boðið uppá að vista ( save ) eða opna (open) niðurstöðuna.. Með því að velja vista þá er niðurstaðan vistuð niður sem pdf-skjal sem síðan er hægt að opna síðar ef vill. Sé hinn möguleikinn valinn, að opna skjalið, þá opnast það í Acrobat Reader og því er nauðsynlegt að það forrit sé uppsett á vélinni, sem á nú við um flestar tölvur í dag.

